

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 9. desember 2021.

Efni: Umsögn við frumvarp til fjárlaga 2022. 152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 1 — 1. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að gera umsögn við frumvarp til fjárlaga 2022. Félagið hefur undanfarin ár átt í samtölum við heilbrigðisráðherra, heilbrigðisráðuneytið og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis um mikilvægi þverfaglegar þjónustu innan heilsugæslunnar og að ráðnir verði félagsráðgjafar til að efla félagslega heilsu í samræmi við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Það eru því vonbrigði að fjármögnunarlíkan fyrir heilsugæsluna geri ekki ráð fyrir ráðningu félagsráðgjafa en þar er einungis kveðið á um sálfræðiþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu fyrir aldraða.

Þann 1. janúar 2021 tóku gildi breytingar á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri gagnreyndri samtalsmeðferð). Því eru það mikil vonbrigði að ekki sé kveðið á um fjármagn til að tryggja aðgengi að sálfræðimeðferð og annarri gagnreyndri samtalsmeðferð svo sem félagsráðgjöf. Það eru margar fagstéttir þar á meðal félagsráðgjafar sem veita samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan á einkareknum meðferðarstofum. Nálgun ólíkra fagstétta á andlegum vanda er ólík og því brýnt að halda því til haga að engin ein aðferð eða meðferð er réttari en önnur. Markmið þjónustunnar er það sama, það er að bæta líðan og lífsgæði þeirra sem óska eftir samtalsmeðferð og telja sig þurfa á henni að halda. Telur félagið mikilvægt að vekja athygli á þessum þætti svo að þeir einstaklingar sem þurfi að leita sér aðstoðar vegna sálfélagslegs vanda hafi val um sem fjölbreyttust úrræði.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður